



Tillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017
vegna nýrra svæða fyrir frístundabyggð
í landi Flekkudals



Umhverfisskýrsla 2015
(Mat á umhverfisáhrifum áætlunar)

Skýrslunni fylgir skipulagsuppráttur dags. 7. maí 2015

Efnisyfirlit

bls. 3. Samantekt umhverfismats

bls. 3. Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar

bls. 4. Tengsl við aðrar áætlanir

bls. 5. Upplýsingar um grunnástand

bls. 6. Umhverfispættir

bls. 7. Aðferðir við umhverfismat

bls. 7. Valkostir

bls. 7. Umhverfismat áætlunar og niðurstöður

bls. 10. Kynning og samráð

bls. 10. Vöktun

Samantekt umhverfismats

Breyting á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 í landi Flekkudals fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem nýir vegir á svæði á náttúruminjasrá eru tilkynningarskyldir samanber lið 10. c. í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Gert er ráð fyrir 20 nýjum lóðum á tveimur svæðum fyrir frístundabyggð sem samtals eru tæpir 11 ha að stærð. Í gildandi aðalskipulagi er svæði það sem skipulagsbreyting tekur til skilgreint sem landbúnaðarland.

Áhrif áætlunar um uppbyggingu tveggja nýrra svæða fyrir frístundabyggð voru metin á eftirfarandi umhverfisþætti: Samfélag (hagræn áhrif), ásýnd (sjónræn áhrif), hljóð (umferð bifreiða og báta), loft (ryk frá malarvegum), gróður (landnýting), jarðmyndanir (náttúruþerfur), efnistaka (vegur og grunnar).

Þegar metin eru heildaráhrif skipulagsáætlunar á umhverfi er ekki talið að þau verði neikvæð. Af þessum sjö umhverfisþáttum sem metnir voru er aðeins gert ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi í landi Flekkudals hafi neikvæð á áhrif gróður (landnýting), þar sem hluti þess svæði sem fellur undir frístundabyggð er á ræktuðu landi. Neikvæð áhrif vegna breyttrar landnýtingar eru þó ekki veruleg þar sem ræktað land innan skipulagssvæðis er einungis um 4 ha. Uppbygging svæða fyrir frístundabyggð mun hafa jákvæð hagræn áhrif á sveitarfélagið með tilliti til atvinnusköpunar og aukinna fasteignagjalda til framtíðar. Ný frístundabyggð mun augljóslega hafa áhrif á ásýnd svæðisins umhverfis Melafellsvatn þar sem byggð mun teygja sig lengra til vesturs með sunnanverðu vatninu. Frístundabyggð er nú þegar risin meðfram Meðalfellsvatni frá vestari enda Meðalfellsfjalls í landi Meðalfells og vestur fyrir Flekkudalsá í landi Grjóteyrar. Það er hins vegar álitamál hvort frekari frístundabyggð við Meðalfellsvatn hefur jákvæð eða neikvæð áhrif á ásýnd umhverfisins. Hvað aðra umhverfisþætti varðar eru áhrif skipulagsáætlunar á umhverfi metin óveruleg.

Yfirlit yfir efni skipulagsáætlunar

Fyrirhugað er að breyta landnotkun í Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 í landi Flekkudals sunnan Meðalfellsvatns. Svæðinu, sem í samþykktu aðalskiplagi er skilgreint sem landbúnaðarsvæði, verður breytt í svæði fyrir frístundabyggð. Um er að ræða tvö svæði fyrir frístundabyggð sunnan Meðalfellsvatns: 1) 2,62 ha svæði sem fær tilvísunarnúmerið F4b á sveitarfélagsuppdrætti, og 2) 8,52 ha svæði sem fær tilvísunarnúmerið F4c á sveitarfélagsuppdrætti.

Svæði F4b er á ræktuðu landi sem liggur að landamerkjum Sands að austanverðu, að Flekkudalsvegi (4834) að norðanverðu, en að vestan- og sunnanverðu afmarkast það af framræsluskurðum. Á svæðinu er gert ráð fyrir 5 frístundalóðum sem verða á bilinu 3200 m² til 5100 m² að stærð. Áætlað er að a.m.k. fjórðungur af svæðinu verði nýttur til útivistar, vegstæði og veitulagnir.

Svæðið F4c tekur til ræktaðs lands, framræsts beitolands og hálfgróins lands sem liggur að sunnanverðu Meðalfellsvatni. Svæðið liggur að landi Grjóteyrar að austanverðu. Svæðið umlykur eina íbúðarhúsaloð sem skilgreind er á landbúnaðarlandi. Á svæðinu er gert ráð fyrir að hægt verði að skipuleggja 15 frístundalóðir sem verða á bilinu 3300 m² til 10000 m² að stærð. Gert

verður ráð fyrir a.m.k. 25% byggðarinnar verði nýtt til útivistar, vegi, reiðveg og veitulagnir. Nýr aðkomuvegur verður lagður að byggðinni í samráði við Vegagerðina (sjá tillögu á uppdrætti). Reiðleið sem skilgreind er frá Flekkudal vestur með Meðalfellsvatni mun færast lítið eitt norðar í vesturenda frístundabyggðasvæðisins. Reiðleiðin mun samnýtt með vegi að frístundalóðum.

Það er mat sveitarstjórnar Kjósarhrepps að fyrirhuguð tvö svæði fyrir frístundabyggð samræmist stefnumörkun aðalskipulags og falli vel að núverandi landnotkun umhverfis Meðalfellsvatn þar sem fyrirhuguð frístundabyggð í landi Flekkudals og frístundabyggð í landi Grjóteyrar og Eyja mun vera samfelld.

Auk fyrrgreindra tveggja nýrra svæða fyrir frístundabyggð með samtals 20 lóðum munu einnig verða skilgreindir nýir vegir (einkavegir utan þjóðvegakerfis) á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags að svæðum F4b og F4c. Reiðleið sem skilgreind er frá Flekkudalsbænum norðvestur með Meðalfellsvatni verður færð fjær vatninu þar sem hún liggur samsíða svæði F4d. Eru þá upptaldar þær breytingar sem verða á sveitarfélagsfélagsuppdrætti aðalskipulags Kjósarhrepps 2005-2017 vegna fyrirhugaðra breytinga á landnotkun í landi Flekkudals. Þemauppdráttur göngu- og reiðleiða, sem einnig er staðfestur aðalskipulagsuppdráttur, breytist einnig þar sem reiðleið er færð fjær Meðalfellsvatni samsíða svæði F4d.

Fyrirhugðu svæði fyrir frístundabyggð og vegir að þeim í landi Flekkudals eru innan svæðis nr. 134 í Náttúruminjaskrá sem lýst er þannig: „*Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnessýslu. (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf“.*

Breyting á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 í landi Flekkudals fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem nýir vegir á svæði á náttúruminjaskrá eru tilkynningarskyldir samanber lið 10. c. í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Tengsl við aðrar áætlanir

Tiltækt er Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024. Í stefnumörkun svæðisskipulags, n.t.t. kafla 3.2.7 um frístundabyggð, segir: „*Almennt er ekki gert ráð fyrir að skipulögð verði ný svæði fyrir sumarbústaði og aðra frístundabyggð í námunda við þéttbýlið á svæðinu sunnan Esju. Nyrst á Kjalarnesi og í Kjós er gert ráð fyrir fjölgun sumarbústaða á núverandi og nýjum svæðum. Ný svæði fyrir frístundabyggð og notkun þeirra verða nánar skilgreind við gerð aðalskipulags“.* Fyrirhuguð ný svæði fyrir frístundabyggð í landi Flekkudals í Kjósarhreppi stangast því ekki á við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024.

Samþykkt deiliskipulag er ekki tiltækt af þeim svæðum sem aðalskipulagsbreyting í landi Flekkudals tekur til. Hins vegar er unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæði F4b og F4c sem stefnt er að verði auglýst í kjölfar breytingar á aðalskipulagi.

Upplýsingar um grunnástand

Tiltækar upplýsingar um grunnástand þess svæðis sem aðalskipulagsbreyting tekur til eru af skornum skammti. Með hliðsjón af myndkortum Loftmynda ehf. með 50 cm greinihæfni, byggð á loftmyndum teknum úr 3500 metra hæð árið 2010, má lýsa svæðunum þremur á eftirfarandi hátt:

Svæði F4b (2,62 ha), sem er flatlent, er nánast allt á framræstu og ræktuðu landi, þ.e.a.s. tún sem eru slegin. Óræktuð ræma með austurhlið svæðisins, milli túns og lækjar, er grasivaxin. Svæðið er þurr og því ekki vandkvæðum bundið að leggja þar veg og staðsetja byggingar.

Svæði F4c (8,52 ha), sem hallar lítillega mót norðri, er ýmist á ræktuðu landi, grasivöxnu beitolandi eða hálfgrónu landi. Um tveir þriðju hlutar svæðisins eru á framræstu landi (austanvert svæðið). Um 1,4 ha eru ræktað land, þ.e. tún sem eru slegin. Beitoland á svæðinu hefur verið nýtt til hrossabeitar. Melfláki liggur vestarlega á svæðinu. Svæðið er þurr og því heppilegt að leggja þar veg og staðsetja byggingar. Eitt frístundahús (byggt 1981) er nú þegar staðsett á svæðinu. Vestari hluti svæðis hallar lítillega mót norðri. Það er á hálfgrónu landi, n.t.t. mólendi með grasivöxnum flákum og litlum melspildum inn á milli. Svæðið er þurr og því ekki vandkvæðum bundið að leggja þar veg og staðsetja byggingar.

Ekkert svæðanna hefur að geyma náttúrulegan birkiskóg, né vistkerfi eða jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 1. mgr. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Sem fyrr segir er skipulagssvæði á Náttúruminjasrá, þ.e. svæðis nr.134 sem tekur m.a. til alls vatnasvið Laxár í Kjós og Meðfellsvatns. Jarðvegsrof á sér ekki stað á svæðinu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um mikilvæg búsvæði plantna og dýra á svæðinu. Vatnsverndarsvæði hafa ekki verið skilgreind á svæðum F4b og F4c, né þar sem fyrirhugaður vegur að svæði F4c mun liggja.

Fornleifastofnun Íslands hefur tekið út hluta af svæði F4c. Ekki er vitað um neinar fornleifar á nýjum svæðum fyrir frístundabyggð né á þeim stöðum þar sem nýir vegir munu verða lagðir að þeim. Heildstæð úttekt á fornleifum á báðum skipulagssvæðum þarf að fara fram samhliða vinnu við deiliskipulag.

Veðurstofa Íslands hefur framkvæmt staðbundið hættumat vegna ofanflóða (grjót, aur og snjór) fyrir vesturhluta svæðis F4c og telur ekki að fólki stafi hætta af ofanflóðum. Framkvæma þarf staðbundið hættumat vegna ofanflóða á vestari hluta svæðis F4c samhliða vinnu við deiliskipulag. Ekki er þörf á staðbundnu hættumati fyrir svæði F4b og eystri hluta svæðis F4c samkvæmt viðmiðunarreglum Veðurstofu Íslands þar sem sjónarhorn frá byggingarreit miðað við lárétt að fjallsbrún er minna en 15°, og landhelli fjallshlíðar ofan við byggingarreit á a.m.k. 25 m löngum kafla er minni en 25°.



Afmörkun svæðanna F4b og F4c fyrir frístundabyggð í landi Flekkudals ásamt veltengingu að þeim (rauð lína). Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Umhverfisþættir

Í töflu að neðan má sjá nokkra af algengustu umhverfisþáttum sem metnir eru samhliða mati á umhverfisáhrifum skipulagsáætlana. Í töflunni kemur jafnframt fram hvaða þættir voru metnir og hverjir ekki vegna fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 í landi Flekkudals.

| Umhverfisþáttur | Metinn | Ekki metin |
|------------------------------|--------|------------|
| Samfélag (hagræn áhrif) | X | |
| Ásýnd (sjónræn áhrif) | X | |
| Hljóð (bifreiðar og bátar) | X | |
| Loft (ryk frá malarvegum) | X | |
| Öryggi (umferð bifreiða) | X | |
| Gróður (landnýting) | X | |
| Dýr (áhrif á búsvæði) | | X |
| Grunnvatn (fráveita) | | X |
| Jarðmyndanir (náttúruperlur) | X | |
| Efnistaka (vegur og grunnar) | X | |
| Veðurfar (áhrif skógræktar) | | X |

Skipulagsáætlun um ný svæði fyrir frístundabyggð við Meðalfellsvatn er þess eðlis að hún mun hafa bein eða óbein áhrif á fyrrgreinda umhverfisþætti. Ástæða þess að áhrif skipulagsáætlunar

á dýr, grunnvatn og veðurfar eru ekki metin skýrist af skorti á upplýsingum og óvissu um áhrif á þessa þætti.

Aðferðir við umhverfismat

Umhverfisskýrsla þessi er unnin af Landlínum ehf. Að mestu var stuðs við upplýsingar og heimildir sem tiltækar eru vegna vinnu sem fram fór við gerð Aðalskipulags Kjósarhrepps 2005-2017. Við mat á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar nýttust einnig upplýsingar tengdri vinnu sem hafin er við deiliskiplag frístundabyggðar á svæðum F4b og F4c í Flekkudal.

Ef undan er skilin samantekt sveitarfélagsins á fjölda lóða fyrir frístundahús umhverfis Meðalfellsvatn var ekki talin ástæða til að framkvæma frekari greiningar eða rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum skipulagsáætlunar.

Valkostir

Ekki er hægt að segja að um einhverja valkosti varðandi skipulagsáætlun sé að ræða. Nokkur eftirspurn hefur verið eftir lóðum fyrir frístundahús við Meðalfellsvatn og eru landeigendur Flekkudals tilbúnir til að leggja svæði F4b og F4c undir frístundabyggð. Með hliðsjón af vilja landeiganda til að hafa vissa fjarlægð milli íbúðarhúss í Flekkudal og frístundabyggðar, auk nýtingu jarðarinnar að öðru leyti, eru aðrir valkostir fyrir staðsetningu frístundabyggðar á jörðinni ekki fyrir hendi.

Land umhverfis Meðalfellsvatn hefur verið mjög eftirsóknarvert til uppbyggingar frístundabyggðar. Sveitarfélagið á ekki tiltækt land undir frístundabyggð við Meðalfellsvatn en lítur jákvæðum augum á áframhaldandi uppbyggingu frístundabyggðar við vatnið séu landeigendur tilbúnir til þess að láta þar land af hendi fyrir slíka byggð. Gera má ráð fyrir að ásókn í lóðir fyrir frístundahús við Meðalfellsvatn ráðist í senn af nálægð við höfuðborgarsvæðið og fegurð svæðisins.


Umhverfismat áætlunar og niðurstöður

Uppbygging svæða fyrir frístundabyggð í Flekkudal, þar sem gert er ráð fyrir 20 nýjum lóðum, ætti að hafa jákvæð hagræn áhrif í Kjósarhreppi. Nýjum byggingum fylgja fasteignagjöld sem renna til sveitarfélagsins. Uppbygging frístundabyggða er atvinnuskapandi fyrir hönnuði, verktaka í jarðvinnu og iðnaðarmenn í húsagerð. Gera má ráð fyrir því að heimamenn njóti í einhverju mæli góðs af framkvæmdum tengdri uppbyggingu frístundabyggðar í Flekkudal.

Ásýnd þeirra tveggja svæða sem ætluð eru fyrir frístundabyggð mun augljóslega breytast þegar uppbygging þeirra hefst. Gera má ráð fyrir að ásýnd svæðanna mun taka stöðugum breytingum í mörg ár eða jafnvel áratugi, en það veltur á því hversu hröð uppbygging verður á svæðunum. Framsetning skipulags- og byggingarskilmála deiliskiplags, og eftirfylgni þeirra, getur haft mikið að segja um ásýnd svæða F4b og F4c í framtíðinni. Einnig getur breyting á gróðri á svæðunum haft töluverð áhrif á ásýnd umhverfis, ekki síst ef lóðarhafar eru iðnir við að gróðursetja trjátegundir sem geta náð mikilli hæð.

Nær samfelld frístundabyggð er nú risin með Meðalfellsvatni frá vestari enda Meðalfellsfjalls í landi Meðalfells og vestur fyrir Flekkudalsá í landi Grjóteyrar, sem er um 3,4 km vegalend með

vatninu. Fyrirhuguð frístundabyggð í landi Flekkudals mun verða í beinu framhaldi af frístundabyggð í landi Grjóteyrar. Áhrif frístundabyggðar á ásjón umhverfisins við Meðalfellsvatn eru nú þegar mikil og mun ný frístundabyggð í landi Flekkudals því ekki hafa veruleg áhrif á heildarsýn svæðisins í því samhengi. Það er hins vegar álitamál hvort frístundabyggð meðfram Meðalfellsvatni hafi almennt neikvæða áhrif á ásjón umhverfis eða ekki. Samkvæmt samantekt (júlí 2012) sveitarfélagsins yfir fjölda frístundalóða á jörðum sem land eiga að Meðalfellsvatni eru þær 206 talsins, og þar af eru 88 þeirra skilgreindar sem „vatnalóðir“ (lóðir sem liggja að vatninu). Af þeim 20 lóðum fyrir frístundahús sem fyrirhugaðar eru í landi Flekkudals mun helmingur þeirra teljast til „vatnalóða“. Þessi samburður gefur til kynna að fjöldi nýrra lóða í landi Flekkudals er ekki hlutfallslega mikill samanborið þann fjölda lóða sem fyrir er á svæðinu. Auk þess er gert ráð fyrir að í deiliskipulagi fyrir svæðin í Flekkudal verði þéttleiki frístundabyggðar mun minni en á þeim svæðum sem þegar eru byggð við Meðalfellsvatn. Mikill meirihluti frístundahúsa sem þegar eru risin við vatnið eru í innan við 50 m fjarlægð frá vatnsbakka, og reyndar stendur fjöldi húsa innan við 20 m frá vatnsbakka. Fyrirhuguð frístundabyggð við vatnið í landi Flekkudals mun því skera sig nokkuð úr hvað fjarlægð frístundahúsa frá vatnsbakka varðar (minnst 50 m sbr. gr. 5.3.2.14 í Skipulagsreglugerð).



Skilgreind svæði fyrir frístundabyggð (bleikur litur) við Meðalfellsvatn í aðalskipulagi ásamt svæðum F4b og F4c í landi Flekkudals.

Uppbygging svæða fyrir frístundabyggð í landi Flekkudals mun kalla á aukna umferð bíla um Hvalfjarðarveg (47), Meðalfellsveg (461) og Flekkudalsveg (4834). Bílaumferð mun aukast samhliða uppbyggingu svæðanna. Umferð mun þó að öllum líkindum vera árstíðarbundin, þ.e.a.s. mest yfir sumarmánuði þegar nýting frístundahúsa er í hámarki. Hávaði af völdum aukinnar umferðar að nýrri frístundabyggð er ekki talin hafa neikvæð áhrif á umhverfi umfram það sem nú þegar er, þar sem umferð um svæðið mun ekki aukast það mikið. Gera má ráð fyrir að einhver aukning verði á umferð báta á Meðalfellsvatni samhliða uppbyggingu

frístundabyggðar í Flekkudal. Ekki er þó talið að hávaðamengun af völdum báta verði mikið meiri en nú þegar er.

Flekkudalsvegur er með bundnu slitlagi frá Meðalfellsvegi að svæði F4b, en malarvegur þaðan vestur að Flekkudalsbænum. Reiknað er með að nýr vegur frá Flekkudalsvegi að svæði F4c verði einnig malarvegur. Þegar uppbygging á svæði F4c er komin vel af stað má gera ráð fyrir að umferð valdi einhverri rykmengun frá malarvegi þegar þurrt er, ekki síst yfir sumartímann þegar þurrast getur orðið og umferð er mest.

Ekki er gert ráð fyrir að öryggi á Flekkudalsvegi vegna aukinnar umferðar minnki þó umferð aukist þar samhliða uppbyggingu frístundabyggðar í Flekkudal. Flekkudalsvegur er líkt og aðrir héraðsvegir um 4 m breiður og á honum eru engar blindhæðir. Ef ástæða þykir til vegna öryggissjónarmiða er mögulegt að breyta hraðatakörkunum á Flekkudalsvegi eða setja þar upp hraðahindranir .

Svæði F4b og F4c fyrir frístundabyggð eru að hluta til skilgreind á ræktanlegu landi sem nýtt hefur verið til sláttar. Um 4 ha af ræktuðu landi verða lagðir undir frístundabyggð sem telst neikvætt í ljósi þess að gott ræktanlegt land er talin mikilvæg auðlind til lengri tíma litið. Kjósarhreppur vinnur nú að því að láta skilgreina gott ræktanlegt land í sveitarfélaginu (það sem þegar er ræktað og það sem heppilegt er til ræktunar) en niðurstöður þeirrar greiningar liggja ekki fyrir. Á svæðunum eru ekki sérstæðar jarðmyndanir sem ástæða er til að varðveita og því mun röskun á svæðunum þremur ekki vera neikvæð með tilliti til þess.

Svæðin fyrir frístundabyggð í landi Flekkudals eru á þurru landi og það sama á við um fyrirhugað vegstæði á svæði F4c. Ýmist er land þurrt frá fornu fari eða hefur verið framræst og þurrkað upp. Efnisþörf til vegagerðar og undir húsgrunna mun fyrir vikið vera minni en ef um blaut svæði væri að ræða sem er jákvætt út frá nýtingu malarnáma. Efnistökusvæði er skilgreint í áreyrum Flekkudalsár á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags (E4), en ekki liggur fyrir hvort efni til vegagerðar og í húsgrunna vegna uppbyggingar frístundabyggðar í landi Flekkudals verður fengið þaðan. Kostur við efnistöku úr áreyrum Flekkudalsár er að efnisvinnsla þar er að heita má sjálfbær því áin ber í sífellu fram nýtt efni með framburði sínum.

Ljóst má vera að ný svæði fyrir frístundabyggð í landi Flekkudals hafa varanleg áhrif á umhverfi við Meðalfellsvatn en jafnframt einnig hagræn áhrif á sveitarfélagið í heild sinni. Þegar áhrifin á mismunandi umhverfisþætti eru metin saman verður ekki séð að heildaráhrifin séu neikvæð. Umrædd viðbótarsvæði fyrir frístundabyggð við Meðalfellsvatn eru hlutfallslega lítil samanborið við alla þá frístundabyggð sem fyrir er umhverfis vatnið. Þéttleiki frístundabyggðar á hinum nýju svæðum í landi Flekkudals verður minni en á þeim svæðum sem þegar hafa verið byggð og skipulögð við Meðalfellsvatn. Fjarlægð frístundahúsa frá vatnsbakka verður jafnframt meiri en víðast hvar annars staðar við vatnið.

Í töflu að neðan er tilgreindir sex mismunandi flokkar sem gefa til kynna hvort umhverfisáhrif skipulagsáætlunar eru talin jákvæð eða neikvæð; hvort þau séu talin óveruleg, talsverð eða veruleg; eða hvort óvissa er um þau. Mismunandi tákni eru tilgreind fyrir hvern flokk fyrir sig.

| Tákn | Áhrif breytingar á aðalskipulagi á umhverfi |
|------|---|
| ++ | Líkur eru á að breyting á aðalskipulagi hafi veruleg jákvæð áhrif |
| + | Líkur eru á að breyting á aðalskipulagi hafi talsverð jákvæð áhrif |
| 0 | Líkur eru á að breyting á aðalskipulagi hafi óveruleg áhrif |
| - | Líkur eru á að breyting á aðalskipulagi hafi talsverð neikvæð áhrif |
| -- | Líkur eru á að breyting á aðalskipulagi hafi veruleg neikvæð áhrif |
| ? | Breyting á aðalskipulagi hefur óviss áhrif |

Í töflu að neðan má sjá mat á áhrifum skipulagsáætlunar á einstaka umhverfispætti með hliðsjón af flokkun þeirri sem gefin er upp í töflu að ofan.

| Umhverfispáttur | Áhrif |
|------------------------------|-------|
| Samfélag (hagræn áhrif) | + |
| Ásýnd (sjónræn áhrif) | ? |
| Hljóð (bifreiðar og bátar) | 0 |
| Loft (ryk frá malarvegum) | 0 |
| Öryggi (umferð bifreiða) | 0 |
| Gróður (landnýting) | - |
| Jarðmyndanir (náttúruperlur) | 0 |
| Efnistaka (vegur og grunnar) | 0 |

Kynning og samráð

Umhverfisskýrsla þessi fylgir lýsingu á breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005-2017 vegna breyttrar landnotkunar í landi Flekkudals. Í lýsingu á breytingu á aðalskipulagi kemur fram hvernig að kynningu og samráði er staðið.

Vöktun

Ekki er talin þörf á sérstakri vöktunaráætlun vegna áhrifa fyrirhugaðar frístundabyggðar í Flekkudal á umhverfispætti á borð við hljóð, loft, gróður, dýr og efnistöku. Sveitarfélagið þarf hins vegar að sjá til þess að uppbygging frístundabyggðar sé þannig háttað að farið sé eftir lögum og reglugerðum sem við eiga, s.s. skipulagslög (123/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (44/1999), vegalög (80/2007), lög um hollustuþætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012); skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012), reglugerð um varnir gegn mengun vatns (796/1999) og reglugerð um fráveitur og skólþ (798/1999).

Sveitarfélagið þarf jafnframt að hafa eftirlit með því að skipulags- og byggingarskilmálum deiliskipulags fyrir svæði F4b og F4c sé fylgt. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis mun sjá um að vakta þau atriði sem falla undir embættið, s.s. frágang við fráveitur og ástand grunnvatns.